

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 09.02.23**

**Fundarstaður:** Bókasafnið Gerðubergi, 111 Rvk. **Fundartími:** 11:00

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Ágúst Guðjónsson, Grímur Kolbeinsson, Hjörtur Guðnason og Katrín Jónsdóttir.

**Forföll:** Heimir Örn Gunnarsson.

### **Dagskrá fundar:**

1. Brotflutningur af Laugavegi
2. Starfið framundan
3. Fjármálin
4. Staðan í Skálholti
5. Aðalfundur
6. Önnur mál

### **1. Brotflutningur af Laugavegi**

Flutningur af Laugavegi er búin að hálfu Prentsöguseturs. Hluti véla sem voru í Gömlu prentsmiðjunni fóru í geymslugáma til varðvörslu, aðrar vélar fóru í brotarjárn. Farið var yfir það dót sem þegar var komið í geymslugáma, tekið var til og losað um þá hluti sem tvennt var til af og svo var endurraðað. Við höfðum fengið ein auka gám, en þurftum ekki á honum að halda eftir tiltekt, svo honum var skilað. Í dag er félagið því með tvo 40 feta og einn 20 feta eignagáma ásamt einum 20 feta leigugám á geymslusvæði Stólpa gáma.

### **2. Starfið framundan**

Áframhaldandi leit að viðeigandi húsnæði fyrir Prentsögusetur. Leggja áherslu á Skálholt, hugsanlega þarf að endurskoða tilboð sem við vorum búin að fá varðandi sýninguna sökum þess hve verkið hefur dregist.

### **3. Fjármálin**

Staðan er ágæt. Flutningur kostaði félagið ca. 300.000.- þús. Margt smátt tínist til við flutninga en kostnaður var mestur í að koma vélum í geymslu og förgun. Flestir sem komu að verki voru í sjálfboðavinnu. Húsaleigan á gámum er 55 þús. á mánuði með leigugám.

### **4. Staðan á Skálholti**

Verið er að múra og flota gólf, málari mun svo rykbinda að því loknu. Þessi vinna mun taka ca. mánuð. Húsnæðið verður því sennilega afhent í apríl eða maí.

## **5. Aðalfundur**

Áætlað er að halda aðalfund 23. mars kl. 16:00 að Stórhöfða 37. Formaður ætlar ekki að gefa kost á sér áfram. Unnið er að því að fá nýja stjórnarmenn til starfa. Ákveðið var að hittast næst 16. mars kl. 11 í Gerðubergi til að fara yfir reikninga og undirbúa aðalfund.

## **6. Önnur mál**

Engin mál voru tekin upp undir önnur mál.

Fundi slitið 12:06

Katrín Jónsdóttir, ritaði.